

Fréttabréf um plöntuverndarvörur

Efnamál og Brexit

Þann 31. desember 2020 lauk aðlögunartímabilinu vegna útgöngu Bretlands úr ESB sem gerir það að verkum að landið fær stöðu þriðja ríkis gagnvart ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu frá 1. janúar 2021. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar má finna upplýsingar um áhrif brexit á efnamál: <https://ust.is/atvinnulif/efni/ahrif-brexit/>

Hér má finna helstu áhrif á markaðsleyfi plöntuverndarvara:

- **Tímabundin skráning:** Engin áhrif, svo framarlega sem varan uppfyllir gildandi reglur um tímabundnar skráningar.
- **Gagnkvæm viðurkenning:** Óheimilt verður að veita gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi frá Bretlandi. Gagnkvæmar viðurkenningar á markaðsleyfi sem veittar voru hér á landi áður en Bretland gekk úr ESB og byggðar voru á markaðsleyfi frá Bretlandi verða áfram í gildi sbr. gildistíma markaðsleyfisins.
- **Leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum:** Þann 1. janúar 2021 falla öll leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með vöru frá Bretlandi úr gildi hér á landi. Þrátt fyrir framangreint er heimilt að bjóða plöntuverndarvöru fram á markaði eftir að leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum féll úr gildi ef varan var sett á markað fyrir 1. janúar 2021.

Breytingar við notkun á nokkrum virkum efnum

Lokið er við að áhættumeta nokkur virk efni á vettvangi ESB og hefur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun á grundvelli þess, sem hefur áhrif á nokkrar vörur sem hafa verið á markaði héraðs og þær eru eftirfarandi:

- **Topsin M;** komin er út reglugerð (ESB) [nr. 2020/1498](#) um bann við notkun á virka efninu þiófanatmetýl í plöntuverndarvörum. Reglugerðin hefur ekki tekið gildi á Íslandi enn sem komið er, en gera má ráð fyrir að sala, dreifing og notkun á Topsin M verði óheimil eftir **19. október 2021**.
- **Epok 600 EC;** komin er út reglugerð (ESB) [nr. 2020/617](#) um endurnýjun á virka efninu metalaxýl-M í plöntuverndarvörum. Reglugerðin hefur ekki tekið gildi á Íslandi enn sem komið er, en gera má ráð fyrir að sækja þurfi um gagnkvæma viðurkenningu á Epok 600 EC ef það á að setja vöruna á markað eftir að tímabundin skráning fellur úr gildi. Í reglugerðinni eru einnig sett þau skilyrði að fræ sem meðhöndlið hafa verið með

plöntuverndarvörum sem innihalda metalaxýl-M skulu eingöngu notuð í gróðurhúsum.

- **Admire;** komin er út reglugerð (ESB) [nr. 2020/1643](#) um að ekki verði heimilt að nota virka efnið imídaklópríð í plöntuverndarvörum eftir að samþykkistímabili lýkur. Ástæðan er að umsækjandi um endurnýjun á samþykki hefur dregið umsókn sína tilbaka. Reglugerðin hefur ekki tekið gildi á Íslandi enn sem komið er, en gera má ráð fyrir að sala, dreifing og notkun á Admire verði óheimil fyrir en 31.12.2021.
- **Monceren DS 12,5 og Monceren FS 250;** komin er út reglugerð (ESB) [nr. 2020/1643](#) um að ekki verði heimilt að nota virka efnið pensýkúrón í plöntuverndarvörum eftir að samþykkistímabili lýkur. Ástæðan er að umsækjandi um endurnýjun á samþykki hefur dregið umsókn sína tilbaka. Reglugerðin hefur ekki tekið gildi á Íslandi enn sem komið er, en gera má ráð fyrir að sala, dreifing og notkun á Monceren DS 12,5 og Monceren FS 250 verði óheimil fyrir en 31.5.2025.

Undanþágur frá markaðsleyfi árið 2020

Á árinu 2020 voru veittar tvær undanþágur frá hefðbundnu markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörur.

Illgresiseyðinum Reglone var veitt undanþága frá markaðsleyfi vegna neyðarástands í plöntuvernd. Virka efnið í Reglone hefur verið bannað til notkunar í plöntuverndarvörum en ekki er búið að gefa út markaðsleyfi fyrir vöru sem getur komið í staðinn með sambærlega virkni til að sviða niður kartöflugrös. Önnur EES-lönd gáfu einnig út undanþágu fyrir notkun á Reglone af sömu ástæðum.

Illgresiseyðinum Gozai var veitt markaðsleyfi til rannsókna og þróunar. Gozai hefur verið til rannsóknar í öðrum EES-löndum til að kanna hvort að varan geti komið í staðinn fyrir Reglone, í þeim tilgangi að sviða niður kartöflugrös. Ekki er búið að gefa út hefðbundið markaðsleyfi fyrir Gozai að svo stöddu. Til að unnt væri að meta virkni og áhrif Gozai hér á landi var veitt markaðsleyfi í rannsóknaskyni fyrir sl. ræktunartímabil.

Fyrstu prófanir á Gozai benda til þess að í öllum tilvikum virðist efnið sviða niður kartöflugrös, en virkinn tók heldur lengri tíma en við úðun með Reglone. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við aðrar prófanir eins og í Danmörku. Líklegt er að Gozai komi vel til greina til vaxtarstöðvunar í kartöfluræktun í stað Reglone. Þó gætu bændur þurft að slá grösina áður en úðað er með Gozai til að flýta fyrir virkninni.

Breytingar á tímabundnum skráningum

Eftirfarandi breytingar (sjá töflu) hafa átt sér stað varðandi gildistíma tímabundinna skráninga fyrir plöntuverndarvörum og hafa þær verið tilkynntar handhöfum þeirra með bréfi.

Nýlegar breytingar á gildistíma tímabundinna skráninga fyrir plöntuverndarvörum

Tímabundin skráning	Fellur úr gildi	Heimild til sölu og dreifingar á fyrirbyggjandi vörubirgðum	Heimild til notkunar, dreifingar og förgunar á vörinni
Shirlan T-2014-008	28.2.2022	31.8.2022	31.8.2023

Breytingar á markaðsleyfum

Eftirfarandi breytingar (sjá töflu) hafa átt sér stað varðandi gildistíma markaðsleyfa fyrir plöntuverndarvörum og hafa þær verið tilkynntar leyfishöfum þeirra með bréfi.

Nýlegar breytingar á gildistíma markaðsleyfa fyrir plöntuverndarvörum

Markaðsleyfi	Fellur úr gildi	Heimild til sölu og dreifingar á fyrirbyggjandi vörubirgðum	Heimild til notkunar, dreifingar og förgunar á vörinni
Maxim 100 FS UST202004-072	31.10.2021	30.4.2022	30.4.2023

Upplýsingar sem fram koma í þessu fréttabréfi eru settar fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á núverandi stöðu. Vinsamlega hafið samband við Umhverfisstofnun ef frekari upplýsinga er óskað.